



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 27. mars 2020

Breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og
reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 19. mars sl., samþykkti stjórn KSÍ m.a. breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót annars vegar og reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga hins vegar.

Breytingartillögur á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem samþykktar voru af stjórn KSÍ, voru unnar af laga- og leikreglanefnd KSÍ um þingskjal 11 frá ársþingi 2020 ([þingskjal](#)). Um er að ræða breytingar á greinum **9, 24, 25, 26, 30, 31** og **32**.

Breytingartillögur á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga, sem samþykktar voru af stjórn KSÍ, voru einnig unnar af laga- og leikreglanefnd KSÍ um þingskjal 13 frá ársþingi 2020 ([þingskjal](#)). Um er að ræða breytingar á grein **14** í reglugerðinni og grein **3** í staðalsamningi KSÍ.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingarnar og samantekt:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

9.gr.

Leikskýrsla

- 9.3. Í keppni 7, 8 og 11 manna liða er varamönnum og liðsstjórn heimilt að sitja á varamannabekk. **Í keppni 7 og 8 manna liða ~~Varamenn~~ mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu sem og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í keppni 11 manna liða í 2., 3. og 4. aldursflokki mega varamenn á leikskýrslu vera allt að 7 og nöfn allt að 5 manna í liðsstjórn. Í meistaraflokki mega varamenn-~~þé~~ vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Á leikskýrsluna skal tilgreina kennitölu leikmanna og forráðamanna (fæðingardag í tilfelli útlendinga).**

24.gr.

2. flokkur karla

11 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: **Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).**

Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.

Stærð knattar: 5.

25.gr.
3. flokkur karla

11 MANNA LIÐ

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 80 mín. (2 x 40 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

~~Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.~~

Stærð knattar: 5.

26.gr.
4. flokkur karla

11 MANNA LIÐ

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Skipti á leikmönnum mega fara fram hvenær sem er í leiknum. Skiptimanni er heimilt að ganga til leiks þegar einhver leikmaður í liði hans hefur yfirgefið leikvöllinn án þess að leikur sé stöðvaður. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný. ~~Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.~~

Stærð knattar: 4.

30.gr.
2. flokkur kvenna

11 MANNA LIÐ

Aldur: 19 ára á almanaksárinu og yngri.

Heimilt er að hafa þrjá eldri leikmenn í hverjum leik í 2. aldursflokki kvenna, sem eru 20 - 22 ára á almanaksárinu og léku ekki með meistaraflokki félagsins í næsta leik á undan.

Leiktími: 90 mín. (2 x 45 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 30 mín. (2 x 15 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

~~Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.~~

Stærð knattar: 5.

31.gr.
3. flokkur kvenna

11 MANNA LIÐ

Aldur: 16 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 80 mín. (2 x 40 mín.)

Leikhlé: 10 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Heimilt er að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á).

~~Heimilt er að setja alla (5) varamenn inn á í leik.~~

Stærð knattar: 5.

32.gr.
4. flokkur kvenna

11 MANNA LIÐ

Aldur: 14 ára á almanaksárinu og yngri.

Leiktími: 70 mín. (2 x 35 mín.)

Leikhlé: 5 mín.

Framlenging: 20 mín. (2 x 10 mín.)

Leikmannaskipti: Skipti á leikmönnum mega fara fram hvenær sem er í leiknum. Skiptimanni er heimilt að ganga til leiks þegar einhver leikmaður í liði hans hefur yfirgefið leikvöllinn án þess að leikur sé stöðvaður. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný. ~~Skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnu í 7- og 8 manna liðum.~~

Stærð knattar: 4.

Samantekt

Um er að ræða breytingar tilkomnar vegna samþykka á ársþingi KSÍ 2020 (þingskjal 11). Samþykkt var breytingartillaga við þingskjal nr. 11 á ársþingi KSÍ 2020 þess efnis að tillögur um breytingar í 4. aldursflokki séu felldar úr þingskjalinu. Samþykkti þingið þ.a.l. breytingar sem snúa annars vegar að auknum fjölda varamanna í 11 manna liðum í 2. og 3. aldursflokki og hins vegar að breytingu á fyrirkomulagi leikmannaskipta í 11 manna liðum 2. og 3. aldursflokki. Engu að síður hefur verið samþykkt að heimila 7 varamenn í 11 manna liðum í 4. aldursflokki líkt og í 2. og 3. aldursflokki. Fyrirkomulagi leikmannaskipta í 4. aldursflokki er haldið óbreyttu en þó hefur verið bætt inn í reglugerðina orðalagi um núverandi tilhögun leikmannaskipta í 4. aldursflokki í stað tilvísunar til reglugerðar KSÍ um knattspyrnu í 7 og 8 manna liðum.

Heimild til leikmannaskipta í 2., og 3. aldursflokki mun því vera með þeim hætti að hægt verður að skipta öllum varamönnum inn á í hverjum leik með þeirri takmörkun að aðeins er heimilt að gera að hámarki 4 skiptingar í síðari hálfleik (og/eða framlengingu þegar við á). Um er að ræða sama fyrirkomulag og hefur verið á leikmannaskiptum í deildarbikarkeppni karla og kvenna í meistaraflokki. Í 4. aldursflokki er fyrirkomulag leikmannaskipta óbreytt, þ.e. skipti á leikmönnum mega fara fram hvenær sem er í leiknum. Skiptimanni er heimilt að ganga til leiks þegar einhver leikmaður í liði hans hefur yfirgefið leikvöllinn án þess að leikur sé stöðvaður. Leikmaður, sem skipt hefur verið út af leikvelli, má ganga til leiks á ný.

Hámarksfjöldi varamanna á leikskýrslu í 2., 3. og 4. aldursflokki er nú sjö í stað fimm eins og áður var.

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru grænmerktar.

Það sem samþykkt hefur verið að falli út er rauðmerkt og yfirstríkað

REGLUGERÐ KSÍ um félagaskipti, samninga- og stöðu leikmanna og félaga

14. gr.

Samningsgerð

- 14.5 Aðeins félögum í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna og 2. deild karla er heimilt að gera leikmannssamning. Félag sem gerir leikmannssamning kallast samningsfélag (professional club). Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í efstu deild karla, en þriggja keppnistímabila í efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna og 2. deild karla, sbr. þó næstu grein.
- 14.14 Ef félag fellur niður í 3. deild karla eða ~~1~~2. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Þetta hefur þó ekki áhrif á reglur um félagaskipti.

25. gr.

Staðalsamningur KSÍ

3. Almenn ákvæði


- a. Leikmannssamning er heimilt að gera til allt að fimm keppnistímabila í efstu deild karla, en þriggja keppnistímabila í efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna og 2. deild karla. Þó er aldrei heimilt að gera lengri samning en til þriggja keppnistímabila við leikmenn sem eru yngri en 18 ára. Sambandssamning er ekki heimilt að gera til lengri tíma en tveggja keppnistímabila.
- f. Ef samningsfélag fellur niður í 3. deild karla eða ~~1~~2. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar skilyrðislaust renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila.

Samantekt

Í kjölfar samþykpta á ársþingi KSÍ 2020 (þingskjal 13 ásamt breytingartillögu á þingskjali 13b) hafa þær breytingar verið gerðar að félögum í efstu deild karla, efstu deild kvenna, 1. deild karla, 1. deild kvenna og 2. deild karla er heimilt að gera leikmannssamninga. Með því eru félögum í 1. deild kvenna bætt í hóp þeirra félaga sem heimilt er að gera leikmannssamninga. Lagt er til að leikmannssamninga sé heimilt að gera til allt að þriggja keppnistímabila í 1. deild kvenna líkt og í efstu deild kvenna, 1. deild karla og 2. deild karla.

Í grein 14.14 eru þær breytingar gerðar að ef félag fellur niður í 3. deild karla eða 2. deild kvenna skulu allir leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils án nokkurrar ábyrgðar fyrir hvorn aðila og félagið missir heimild til að gera leikmannssamninga. Áður sagði í ákvæðinu að ef félag fellur niður í 3. deild karla eða 1. deild kvenna skulu leikmannssamningar þess renna út í lok keppnistímabils. Loks hafa verið gerðar breytingar á staðalsamningi KSÍ sem eru samhljóma framangreindum breytingum.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
lögfræðingur hjá KSÍ.